



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 157

Runólfur Guðjónsson

(1877 – 1942)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 157

Runólfur Guðjónsson
(1877-1942)

Runólfur fæddist 7. apríl 1877 í Hjörsey, Hraunhreppi, Mýrasýslu og lést 29. febrúar 1942. Foreldrar hans voru Guðjón Jónsson bóndi í Laxárholti og fyrri kona hans, Guðný Jónsdóttir.

Runólfur hóf bókbandsnám hjá Arinbirni Sveinbjarnarsyni í Reykjavík 1899 og lauk námi 1903. Hann var í Kaupmannahöfn í hálf ári 1907 og lærði viðgerðir gamalla handrita, auk þess gyllingu og bókband. Hann vann í hálf ári 1908 í Félagsbókbandinu. Þann 11. nóvember 1908 var hann ráðinn bókbindari hjá Landsbókasafninu og var hann forstöðumaður bókbandsvinnustofu þess til æviloka.

Kona hans var Margrét Guðrún Guðmundsdóttir, fædd í Melshúsum í Reykjavík 4. apríl 1880, dáin 5. júní 1942. Foreldrar hennar voru Guðmundur Guðmundsson (1850 - 1901) frá Kervatnstöðum, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og Sigríður Eyjólfsdóttir (1852 - 1882) frá Snorrastöðum, Laugardalshreppi. Börn Runólfs og Margrétar voru Guðmundur fæddur 1906, Guðjón, fæddur 1907, Sigríður, fædd 1909, Guðný, fædd 1913, Unnur fædd 1918 og Sigurbjörg, fædd 1921.

Nokkuð er hér af gögnum sem tilheyrðu Guðjóni, bókbandsmeistara, syni Runólfs. Guðjón var fæddur 9. júlí 1907 og lést 16. september 1999. Guðjón starfaði á Landsbókasafni.

Gísli, sonur Guðjóns og sonarsonur Runólfs Guðjónssonar, afhenti Borgarskjalasafni safnið 1996. Hann færði og safninu nokkur skjöl til viðbótar í september 2000

Skjalaskrá

Askja 1

Hjónavígsluleyfisbréf 16. maí 1931.

Smámiði frá 1907 tilheyrandi námi Runólfs í Kaupmannahöfn.

Blað með upplýsingum um ættir Runólfs.

Reikningur til Runólfs frá D. Voigt í Kaupmannahöfn, 1914.

Dýrtíðaruppbót til Runólfs 1916 og 1917, ásamt yfirliti Runólfs í hvað þeir peningar fóru.

Bréf frá Jóni Jacobssyni til Runólfs 1919 um laun hans á Landsbókasafni.

Uppkast að bréfi Runólfs til Stjórnarráðs vegna launamála hans, 1924.

Bréf til Runólfs frá Alberti Jónssyni, 1922.

Bréf til Runólfs, 1901-1931.

Kúabólusetningarattest Margrétar, 1888.

Kveðja til Margrétar yfirsetukonu á Sámstöðum frá Jóni Sigurðssyni, Haukagili.

Yfirlit yfir ættir Margrétar.

Slitrur úr bréfi til Margrétar.

Bréf frá Atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti um styrk til Guðjóns frá 1930.

Bréf til Guðjóns frá 1930.

Umsókn Guðjóns um fasta stöðu, 1962.

Bréf Guðjóns til menntamálaráðuneytis, 1962.

Skipunarbréf Guðjóns í forstöðumannsstöðu bókbandsstofu Landsbókasafns Íslands, ásamt fylgibréfi, 1963.

Ljósrit af bréfi frá Menntamálaráðuneyti til Samningarnefndar um laun opinberra starfsmanna, sent Guðjóni, 1964.

Myndskreytt umslag sent til Guðjóns frá Ítalíu.

Sögufélagið:

Áskorunarbréf til stofnunar sögufélags, dagsett 11. janúar 1902, ásamt nafnalista.

Fundarboð til stofnunar félags til útgáfu heimildarita að sögu Íslands og íslenzkrar mannfræði á Hótel Íslandi, 15. febrúar 1902. Umburðarbréf til þeirra er rituðu nöfn sín undir áskorun 11. jan. s.á.

Skrá yfir meðlimi Sögufélagsins utan Reykjavíkur, 31. des. 1902, í tvíriti að hluta.

Eyðublöð til útfyllingar með nöfnum þeirra sem tóku áskorun um að gerast félagar, 10. marz 1902.

Eyðublöð til útfyllingar með nöfnum þeirra sem tóku áskorun um að gerast félagar, febrúar 1904.

Nafnalistar; tvö bréf með úrsögn úr félaginu; bréf tilheyrandi áskrifendalistum; beiðni um inngöngu í félagið.

Niðjatal Hafliða Kolbeinssonar (Kambsrán), tekið saman af Guðjóni Friðrikssyni.

Útfararskrá: Björg Bjarnadóttir 19. september 1875 – 9. júlí 1915.

Jólaort frá Eimskipafélagi Íslands, 1969.

Mynd af starfsfólki Landsímans í Reykjavík.

Moderne Haandstempler. Stimplar til bókbandsgerðar.

Ferðaáætlun h.f. Eimskipafélags Íslands, 1915.

Úrklippa úr Reykvíkingi 3. tbl., 1. árg. 28. mars 1952. Lýsing á heimsókn í bókbandsstofu Landsbókasafnsins. Ljósrit af sögu, grein.

Grein úr Þjóðviljanum 18. febrúar 1977. Ljósrit.
Vinnubók í Bókbandsiðn, 1910.

Útseld vinna 1916 - 1919 og 1926 - 1927.

Útseld vinna 1917 - 1921.

Útseld vinna 1921 - 1925.

Útseld vinna 1926 - 1931.

Útseld vinna 1932 - 1940. Ásamt nokkrum lausum miðum.

Askja 2

Konto-bók Runólfs, apríl 1910 - júlí 1911.

Viðskiptamannabók, 1938 - 1942.

Yfirlit yfir tekjur, 1931 - 1942.

Vasabækur: 1912 - 1913, 1914, 1922, 1929, 1930, 1931, 1933, 1934, 1935, 1936, 1938, 1939, 1940.

Nokkur ljóðmæli eptir Sigurð Breiðfjörð og fleiri, upskrifað af Þ. Erlendssyni í Mólshúsum á Álftarnesi.

Póstkort, blaðaúrklippur

Listi, fengið Runólfi í band 30/1 1912, farið að vinna fyrir Skjalasafnið 21. febrúar.

Blýantsteikning af konu gerð 17/4 1900 eftir Poul Kronemann.

Prentað mál:

Böggull:

Bæjarblaðið 6. marz 1950.

Álit hinnar Dönsku og Íslensku nefndar frá 1907. Kaupmannahöfn 1908.

Nefndarálit innar Dönsku og Íslenzku sambandslaganefndar frá 1907.

Reykjavík 1908.

Jón forseti Sigurðsson. Standmynd hans afhjúpuð í Reykjavík 10. september 1911.

Minningarljóð um Steingrím Thorsteinsson.

Nefndarálit Þingvallanefndarinnar frá 1925.

Athugasemdir og andsvör við skýrslu Landsbankarannsóknarnefndarinnar sem birt hefur verið að ráðstöfun landsstjórnarinnar. Reykjavík 1910.

Almenn hegningarlög handa Íslandi. Kaupmannahöfn 1869.

Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Kaupmannahöfn 1874.

Lög um úrskurðarvald sáttanefnda. Kaupmannahöfn 1911.

Handbók Alþingis. Stjórnarlög Íslands. Nokkur þau helstu. Reykjavík 1920, ásamt atkvæðaseðli um sambandslögin.

Askja 3

Prentað mál:

Fimmtíu og sex Tíðavísur yfir árin 1779 til 1834. Jón Hjaltalín. Kaupmannahöfn 1836.

Ármann á Alþingi eða almennur fundur Íslendinga. Ársrit fyrir búhölda og bændafólk á Íslandi. Annar árgangur fyrir árið 1830. Útgefið af Þorgeiri Guðmundssyni og Baldvini Einarssyni. Kaupmannahöfn 1830.

Hið Nýa Testamenti Drottins Vors Jesú Krists ásamt með Davíðs Sálum. Endurskoðuð útgáfa. Oxford 1863.

Nýja testamentið og Davíðssálmar. Var í eigu Sigríðar Hafliðadóttur.
Sögusafn Ísafoldar XV. Heljargreipar. A. Conan Doyle. Reykjavík 1902.

Askja 4

Skírnir. 1855-1858, 1873-1877.
Íslenzkar ártíðarskrár eða Obituaria Islandica með athugasemdum eftir Jón Þorkelsson. I - IV. Kaupmannahöfn 1893-1896.
Austurför Kýrosar eptir Xenófon. Reykjavík 1867.
Brynjólfur Sveinsson Biskup. Skáldsaga frá 17. öld. Thorhildur Þorsteinsdóttir Holm. Reykjavík 1912.

Askja 5

Lögþingis boken. Innehalldande það. sem gjördist og framfor fyrir Lögþingis Rettinum. Anno 1785, 1786, 1789, 1791, 1793, 1794. Hrappsey.
Reykjavíkurstúturinn. Fyrsta til þriðja ár. 1847-1849.
Sigríður Eyjafjarðarsól. Sjónleikur í fimm þáttum. Ari Jónsson. Akureyri 1879.
Niðurförskrá Reykjavíkur 1911 -1912.
Tvær bókakápur, klæddar innan með tréspjöldum.
Póstkort til Þorleifs Erlendssonar.
Minningargrein um Guðjón Runólfsson í Morgunblaðinu 28. sept. 1999; sama tölvuprentað (tvö eintök) til birtingar í dagblaði.
Afmælisgrein um Runólf Guðjónsson, sextugan, í dagblaðinu Vísi 7. apríl 1937.
Um Kambránsmenn í Þjóðviljanum 18. febr. 1977, eftir Guðjón Friðriksson.
Ljósrit af ljósmynd af bræðrunum frá Hjörsey.
Ættartala Runólfs Guðjónssonar.
Ættartala Margrétar Einarsdóttur.
Ættartala Margrétar Guðmundsdóttur.
Erindi (handskrifað) ort við andlát Sigríðar Hafliðadóttur; sama vélritað.
Vélrituð minning Sigríðar Hafliðadóttur.
Fæðingarvottorð Runólfs Guðjónssonar.
Giftingarvottorð Jóns Bjarnasonar og Ólafar Guðmundsdóttur og Guðjóns Jónssonar og Guðnýjar Jóhannsdóttur
Nafnagáta, í tvíriti – þó ekki eins.
Tvær síður úr tímaritinu Óðni um Laugarvatnshjónin Böðvar Magnússon og Ingunni Eyjólfsdóttur.
Minnisbók með almanaki 1928.
Bókhaldsskrá um bókbænd.
Bókhald um tekjur og gjöld, merkt Guðjóni Runólfssyni.

Askja 6

Biblía. Ártal vantar.

*Skráð Sigríður H. Jörundsdóttir
Ragnhildur Bragadóttir*